

Mánudaginn 13. nóv. 1933.

Nr. 92/1933. **Valdstjórnin** (Pétur Magnússon)

gegn

Ólafi Ólafssyni, Þorkeli Kristjánsyni, Ólafi Baldvin Þórarinssyni, Birgi Kristjánsyni, Þorsteini Gíslasyni og Helga Einarssyni

(Lárus Jóhannesson).

Áfengislagabrot.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 25. marz 1933:
Kærði, Ólafur Ólafsson, sæti fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 3 mánuði og 2000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi einfalt fangelsi í 65 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Kærði, Þorkell Kristjánsson, sæti fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 12 daga og 800 króna sekt til ríkissjóðs, og komi einfalt fangelsi í 40 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Kærðu, Ólafur Baldvin Þórarinsson og Birgir Kristjánsson, greiði hvor um sig 400 krónur til ríkissjóðs, og komi einfalt fangelsi í 25 daga í stað sektar hvors, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Kærðu, Þorsteinn Gíslason og Helgi Einarsson, greiði hvor um sig 200 króna sekt til ríkissjóðs, og komi einfalt fangelsi í 15 daga í stað sektar hvors, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Kærðu greiði einn fyrir alla og allir fyrir einn allan kostnað sakarinnar.

Framangreind bruggunartæki og áfengi skal allt upp-tækt og eign ríkissjóðs.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Af ástæðum þeim er greinir í hinum áfrýjaða dómi, ber að staðfesta hann, og teljast greiðslufrestir sektanna frá birtingu dóms þessa.

Hinir kærðu greiði allir fyrir einn og einn fyrir alla allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflytningu- og verkjanda og verkjanda í hæstarétti, 80 kr. til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða lögregluréttardómi skal ó-raskað, þó þannig, að greiðslufrestur sektanna teljist frá birtingu dóms þessa.

Hinir kærðu, Ólafur Ólafsson, Þorkell Kristjánsson, Ólafur Baldvin Þórarinnsson, Birgir Kristjánsson, Þorsteinn Gíslason og Helgi Einarsson, greiði einn fyrir alla og allir fyrir einn allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflytningu- og verkjanda og verkjanda í hæstarétti, hæstaréttarmálaflutningsmannanna Péturs Magnússonar og Lárusar Jóhannessonar, 80 kr. til hvors.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Ólafi Ólafssyni, kaupmanni, Óðinsgötu 24, hér í bænum, Þorkelli Kristjánssyni, Viðinesí á Kjalarnesi, Birgi Kristjánssyni, Laugavegi 74, Ólafi Baldvin Þórarinnssyni, Hverfisgötu 82, Þorsteini Gíslasyni, Baugsvegi 19 og Helga Einarssyni, Tjarnargötu 5, öllum hér í bænum, fyrir brot gegn áfengislögum nr. 64, 1930, og eru málavextir þeir, er nú skal greina.

Seint að kvöldi hins 23. þessa mánaðar voru tveir af lögregluþjónum bæjarins á verði í miðbænum. Urðu þeir þá varir við, að tveir menn voru með hávaða í sundinu hjá Hótel Heklu, og fóru því lögregluþjónarnir inn í sundið til að aðgæta þetta nánar. Er menn þessir urðu lögreglu-

þjónanna varir köstuðu þeir frá sér tveim háflöskum. Flöskur þessar brotnuðu ekki, og tóku lögregluþjónarnir þær upp, og kom þá í ljós, að á þeim var heimabriggað áfengi. Menn þessir, sem reyndust vera kærðu, Þorsteinn og Helgi, voru nú færðir á lögreglustöðina, og við eftirgrennslan lögreglunnar upplýstist, að þeir höfðu keypt áfengi þetta af kærða, Ólafi Ólafssyni, og ennfremur, að þeir hefðu áður um kvöldið keypt tvær háflöskur af samskonar áfengi af sama manni og drukkið það inni á veitingahúsinu White Star hér í bænum. Fyrir hverja háflösku af vini þessu greiddu þeir 5 krónur.

Að fengnum þessum upplýsingum gerði lögreglan þegar leit eftir ólöglegu áfengi á bifreiðastöð Kristins Guðnasonar hér í bænum, þar sem kærði, Ólafur Ólafsson, er afgreiðslumaður og síðan á heimili hans Óðinsgötu 24. Leitin á bifreiðastöðinni var gerð vegna þess, að þar höfðu fyrrgreind áfengiskaup farið fram, en hún reyndist árangurslaus, en á heimili Ólafs fundust tvær heilflöskur af fullbrugguðu áfengi.

Ólafur hefir játað, að hann hafi selt framangreint áfengi og hefir hann skýrt nánar svo frá, að hann hafi fyrir nokkru síðan keypt 14 heilflöskur af áfengi hjá kærða, Ólafi Þórarinssyni, á 7 krónur stykkið, en síðan selt það aftur á 10 krónur flöskuna. Síðan hefði hann sama daginn og uppvíst var um áfengissölu hans keypt 20 heilflöskur af samskonar vini og við sama verði, af kærða, Birgi, og selt það allt samdægurs út aftur sömuleiðis á 10 krónur flöskuna, að undanteknum þeim tveim flöskum, sem heima hjá honum fundust.

Er ákærði, Ólafur Ólafsson, hafði gefið fyrrgreinar upplýsingar um viðskipti hans og meðkærðu, Birgis og Ólafs Þórarinssonar, gerði lögreglan húsleit hjá þeim báðum eftir ólöglegu áfengi. Hjá Ólafi fannst ekkert áfengi en hjá Birgi fundust 6—7 litrar af fullbrugguðu áfengi. Kærðu, Birgir og Ólafur Þórarinsson, hafa játað skýrslu Ólafs Ólafssonar rétta um viðskipti þeirra. Kváðust þeir ekki hafa bruggað áfengi þetta sjálfir, heldur væri það bruggað hjá Þorkeli Kristjánssyni, bónda í Viðinesi á Kjalarnesi, en Þorkell er bróðir Birgis. Kváðust þeir hafa selt þetta áfengi algerlega fyrir reikning Þorkels án þess að hafa nokkurn hagnað af sölunni sjálfir. Kveðast þeir ekki hafa

selt annað af áfengi fyrir Þorkel, en það, sem gekk til Ólafs, en hins vegar hafði Birgir fengið hjá honum lítilsháttar af vini, sem hann segist hafa notað sjálfur. Kom brugg þetta frá Þorkeli til þeirra félaga í tveim sendingum, og var það sem við húsleitina fannst hjá Birgi afgangur af síðari sendingunni.

Er hér var komið rannsókninni var sýslumanninum í Gullbringu- og Kjósarsýslu tilkynnt um málið, og voru síðan lögregluþjónar héðan úr bænum í samráði við sýslumanninn sendir að Viðinesi til rannsóknar.

Játaði kærði, Þorkell, brot sitt þegar og vísaði lögregluþjónunum á bruggunartækin, sem voru suðubrúsi, eimingarpípa og oliutunna, Hefir hann fyrir réttinum skýrt nánar svo frá, að hann hafi byrjað að brugga rétt eftir nýjár í vetur. Lagði hann þá í um 180 lítra af áfengislögun í fyrrgreinda tunnu og fékk úr þeirri lögun rúmlega 10 lítra af fullbrugguðu áfengi. Síðan lagði hann aftur í sömu tunnu en fékk úr þeirri lögun 15 lítra af fullbrugguðu áfengi. Þetta áfengi gekk allt til meðkærðu, Ólafs Þórarinssonar og Birgis, sem tekið höfðu að sér að selja það fyrir reikning Þorkels. En þeir blönduðu bruggið með vatni að þriðjungi og seldu síðan við því verði, sem að framan greinir.

Efnarannsóknarstofa ríkisins hefir rannsakað sýnishorn af áfengi því, sem hjá kærðu fannst, og reyndist alkóhólmagnið í þessum sýnishornum 34,5% og 37% eftir rúmmáli.

Brot kærða, Ólafs Ólafssonar, varðar við 11. gr. sbr. 32. gr. áfengislaga nr. 64, 1930. Hann hefir áður svo kunnugt sé sætt refsingu, sem hér segir:

1) 14. júní 1930 sektaður í lögreglurétti Reykjavíkur um 50 kr. fyrir ölvun.

2) 15. júlí 1930 sektaður í sama rétti um 50 krónur fyrir sama brot.

3) 17. marz 1931 sektaður um 600 krónur í sama rétti fyrir ólöglega áfengissölu.

4) 12. október 1931 dæmdur í hæstarétti í 8 mánaða betrunarhússvinnu fyrir brot gegn 277. gr. sbr. 271. gr. alm. hgnl. frá 25. júní 1869.

5) 31. janúar sektaður í lögreglurétti Reykjavíkur um 50 krónur fyrir ölvun.

6) 22. september 1931 sektaður í sama rétti um 50 krónur fyrir sama brot.

7) 23. október 1931 sektaður í sama rétti um 50 krónur fyrir sama brot.

8) 9. ágúst 1932 sektaður í sama rétti um 1000 krónur fyrir ólöglega áfengissölu.

Þykir refsing þessa sakbornings hæfilega ákveðin fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 3 mánuði og 2000 króna sekt til rikissjóðs, og komi einfalt fangelsi í 65 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Brot kærða, Þorkels Kristjánssonar, sem ekki hefir áður, svo kunnugt sé, sætt refsingu fyrir nokkurt lagabrot, varðar við 6. gr., sbr. 30. gr. og 11. gr., sbr. 32. gr. áfengislaga nr. 64, 1930, og þykir refsing hans hæfilega ákveðin 12 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og 800 króna sekt til rikissjóðs, og komi einfalt fangelsi í 40 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Þar sem framburðir hinna kærðu, Þorkels, Birgis og Ólafs Þórarinssonar, eru samhljóða um það, að sala þeirra Ólafs og Birgis hafi algerlega verið fyrir reikning Þorkels og að þeir hafi engan hagnað hlotið af söluinni, þá verður ekki talið, að þeir hafi orðið sekir um brot gegn ákvæðum áfengislaganna um sölu áfengis, heldur aðeins um aðstoð við ólöglega sölu. Varðar brot þeirra beggja því við 42. gr. áfengislaganna, og þykir refsing hvors þeirra, sem ekki hafa áður, svo kunnugt sé, sætt refsingu fyrir nokkurt lagabrot, hæfilega ákveðin 400 króna sekt til rikissjóðs, og komi einfalt fangelsi í 25 daga í stað sektar hvors, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Kærðu, Þorsteinn og Helgi, hafa með því að neyta áfengis inni á veitingahúsi brotið gegn 24. gr. 1. mgr., sbr. 41. gr. 1. mgr. og þykir refsing hvors þeirra, sem ekki hafa svo kunnugt sé, áður sætt refsingu fyrir nokkurt lagabrot, hæfilega ákveðin 200 króna sekt til rikissjóðs, og komi einfalt fangelsi í 15 daga í stað hvorrar sektar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu þessa dóms.

Kærðu greiði einn fyrir alla og allir fyrir einn allan kostnað sakarinnar. Framangreind bruggunartæki og áfengi skal allt upptækt og eign rikissjóðs.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.